

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GL	MYL 103 Mannslíkaminn Kennsluáætlun haust 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1		

Kennarar: Anna María Guðmann, AMÍ, ami@vma.is
 Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is
 Bryndís Arnardóttir, BRA, billa@vma.is

Viðtalstími: Þriðjudaga 11:20-12:00
 Þriðjudaga 11:20-12:00
 Þriðjudaga 9:55-10:35


Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni. Nemendur þjálfast notkun á tækjum til mælinga og hæfileikann til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu og að nota til þess sjónskilning og sjónminni. Skilningur á stærðfræði mannslíkamans þjálfður og fagurfræði hans. Nemendur beita frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Nemendur ígrunda verk sín. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og myndum, með viðarkolum, blýanti og bleki og leir.

Markmið

Að nemandinn með þjálfun

- dýpki skilning sinn á margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannslíkaminn býr yfir.
- dýpki skilning sinn á burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannslíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannslíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeirri tengingu, sem er milli hverskonar hönnunar og uppbyggingar mannslíkamanns.
- dýpki skilning sinn á listrænni vinnu, að upplifa, skynja og túlka það sem hann sér, upplifir.
- dýpki skilning sinn á verklegri færni við að teikna mannslíkamann.
- dýpki skilning sinn á gagnrýnni hugsun.
- þjálfist í að byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu.



Námsmat

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin. Símat, kennaramat, sjálfsmat, gagnrýni, leiðsagnarmat. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins 45% og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 50%. Mæting 5%.

Til grundvallar matinu er annars vegar listrænn skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki og gagnrýnin hugsun. Hins vegar verkleg færni, framfarir, virðisauki, framkvæmd, opinn hugur og ögrun.

Verkefni

1. Rannsóknarvinna, þar sem módelið er í löngum stöðum. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi og hlutföll í stöðunni og til þess notuð ýmis hjálparmeðöl.
2. Hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
3. Leirmótun til hjálpar við að skynja þrívíða formið og yfirfæra það svo tvívídd.
4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.
5. Módelisaga

Með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils